



## Starfskjarastefna Betri samgangna ohf.

### 1. Markmið

Starfskjarastefna Betri samgangna ohf. er sett samkvæmt 79. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum, og hefur það að markmiði að laða að hæft starfsfólk til að tryggja sem bestan árangur í starfsemi og rekstri fyrirtækisins.

### 2. Starfskjör

Starfsfólk Betri samgangna skal njóta samkeppnishæfra starfskjara og greidd skulu sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu óháð kyni.

Almennt skal horft til þess að laun og kjör innan fyrirtækisins séu eins einföld og gagnsæ eins og kostur er, þau séu samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi. Einnig skal forðast að ákvarða miklar launabreytingar á stuttu tímabili og horfa frekar til þess að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti í samræmi við almenna launaþróun.

Stjórnarmenn skulu frá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Þóknun stjórnarformanns skal vera tvöföld sú þóknun sem aðrir stjórnarmenn þiggja. Stjórnarmenn njóta ekki annarra launa, hlunninda eða þóknana en að framan greinir.

Gera skjal skriflegan ráðningarsamning við starfsfólk fyrirtækisins. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra og framkvæmdastjóri við aðra starfsmenn. Skal að jafnaði við það miðað að samið sé um heildarlaun fyrir starf stjórnenda og starfsfólks, þannig að allt nauðsynlegt vinnuframlag sé meðtalið. Um umbun fyrir sérstakt framlag, umfram það sem talið er innifalið í föstum mánaðarlaunum, fer eftir ákvörðun framkvæmdastjóra eða stjórnarformanns, eftir því sem við á. Um framlög til lífeyrismála fer eftir viðteknum sjónarmiðum á hverjum tíma, innan þess ramma sem lög ákveða. Auk grunnlauna skal tilgreina önnur starfskjör í ráðningarsamningum, s.s. greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, uppsagnarfrest og önnur kjör. Fyrirtækið greiðir ekki árangurstengdar greiðslur.

### 3. Samþykkt o.fl.

Starfskjarastefna fyrirtækisins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi þess ár hvert. Er stefnan leiðbeinandi fyrir fyrirtækið og skal stjórn þess fylgja henni eftir og yfirfara hana árlega og gera tillögur að breytingum, ef ástæða þykir. Ef stjórn fyrirtækisins vikir frá ofantöldum leiðbeiningum í starfskjarastefnu fyrirtækisins skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðarbók stjórnar.

Tillaga þessi að starfskjarastefnu Betri samgangna var samþykkt af stjórn þann 1. apríl 2022.